

Því dæmist rjett vera:

Bæjarþingsdómurinn skal vera óraskaður. Stefndi Rafn Sigurðson greiði áfrýjanda Hannesi Thorsteinson fyrir hönd Jörgen Petersen & Co. 25 kr. sem málskostnað fyrir yfir dómi.

Dómi þessum skal fullnægja, áður liðnar sjeu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 5. desembermánaðar.

Nr. 42/1898:

Rjettvísinn

gegn

Magnúsi Manelíusi Brynjólfssyni  
og Katarínusi Jónssyni.

D ó m u r :

Með dómi aukarjettar Ísafjarðarsýslu, upp-  
kveðnum 3. maímán. þ. á., voru hinir ákærðu  
Magnús Manelíus Brynjólfsson og Katarínus Jóns-  
son dæmdir til retsingar, hinn fyrnefndi fyrir að  
hafa gefið ranga skýrslu fyrir rjetti í 3×5 daga  
fangelsi við vatn og braud, og hinn síðarnefndi til  
að sæta einföldu fangelsi í 1 mánuð fyrir að hafa  
með fortölum sínum fengið meðákærða Magnús og  
annan mann, sem eigi sætir ákæru fyrir yfirdómi  
í sök þessari, til að gefa ranga skýrslu fyrir  
rjetti.

Með dóminum voru hinir ákærðu skyldaðir  
til þess að greiða allan kostnað sakariunar in so-  
lidum fyrir undirrjetti og sjerstaklega var hinn

kærði Magnús Manelíus Brynjólfsson skyldaður til þess in solidum með öðrum sakborningi að greiða 5 kr. í málsvarnarlaun í hjeraði. Dómi þessum hafa hinir ákærðu, Magnús Manelíus Brynjólfsson og Katarínus Jónsson, látið skjóta til yfir-dómsins.

Hinn ákærði Magnús Brynjólfsson hefur kann-azt við það, að hann hafi fyrir lögreglurjetti Ísa-fjardarsýslu hinn 25. febrúarm. þ. á. gefið ranga skýrslu um fiskiveiðasamþykktarbrot formanns síns, hins meðákærða Katarínusar Jónssonar. — Þessa skýrslu gaf hann sem vitni í því skyni, að dylja samþykktarbrot Katarínusar, og tjáði hinn ákærði sig reiðubúinn til þess að staðfesta hina röngu skýrslu sína með eiði fyrir rjettinum, en hjeraðsdómarinn neitaði að taka eið af honum. Þá fyrst kannaðist ákærði við að skýrsla hans væri röng. — Hinn meðákærði Katarínus Jónsson hef-ur kannazt við það, að hann hafi með fortölum sínum fengið Magnús Brynjólfsson til þess að gefa þessa röngu skýrslu, sem um er getið, til þess að dylja samþykktarbrot það, sem hann var sakaður um. Þesar játningar hinna ákærðu koma heim við það, sem á annn hátt hefur verið upplýst í málinu. Báðir hinir ákærðu eru komnir yfir lög-aldur sakamanna, og hefur hvorugur þeirra áður sætt hegningu eða ákæru fyrir neitt lagabrot.

Brot hins ákærða Magnúsar, sem eigi hæfði neina ástæðu til að ætla, að málefni það, sem hann var krafinn vitnisburðar um, varðaði hann sjálfan refsingu, heyrir undir 147. gr., 1. lið, í alm.

hegningarlögum 25. júní 1869, og þykir refsingin hæfilega ákveðin fyrir hann 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Brot meðákærða Katarínusar Jónssonar heyrir undir 53. gr. og 147. gr., 1. másl., hegningarlaganna og virðist refsingin fyrir hann, með hliðsjón af 148. gr. 2. másl. sömu laga, hæfilega ákveðin 5 daga fangelsi við vatn og brauð. Um málskostnað á aukarjettardómurinn að vera óraskaður.

Hinir ákærðu greiði og báðir sem einn, og hvor þeirra fyrir þá báða, allan áfrýjunarkostnað málsins, þar á meðal málfutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Það vottast, að rekstur og meðferð málsins í hjeradi hefur verið vitalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Ákærði Magnús Manélius Brynjólfsson sæti 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Ákærði Katarínus Jónsson sæti 5 daga fangelsi við vatn og brauð. Um málskostnað skal aukarjettardómurinn vera óraskaður. Hinir ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málfutningsmannanna Einars Benediktssonar og Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.